

**Tilmæli 36/2012**

Fyrri númer:
A 1566/velferd

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Málsnúmer: 12-00238-14

Norræn lýðheilsustefna í áfengis- og tóbaks- málum

Með tilvísun til 45. og 56. greinar í Helsingforssamningnum hefur Norðurlandaráð þann 1. nóvember 2011 samþykkt eftirfarandi tilmæli samkvæmt tillögu velferðarnefndar.

Norðurlandaráð beinir tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að skipa starfshóp með fulltrúum frá öllum Norðurlöndum, einnig Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi, til að semja skjal til félags- og heilbrigðisráðherranna með tillögum, m.a. um að mótuð verði sjálfbær stefna í áfengis- og tóbaksmálum á Norðurlöndum fyrir tímabilið 2014-2020. Starfshópurinn vegi og meti þær aðgerðir sem vísindamenn telja vænlegastar til að draga úr áfengistengdum vandamálum;

að efla gagnreyndar rannsóknir á Norðurlöndum á tóbaks- og áfengisneyslu, ólæknandi sjúkdómum, krabbameini og lífsstíls-sjúkdómum;

að efla gagnreyndar rannsóknir á Norðurlöndum á börnum og ungmennum sem alast upp hjá einum eða fleiri umönnunaraðilum sem eiga við alvarlega áfengismisnotkun að stríða;

að efla gagnreyndar aðgerðir á Norðurlöndum, einnig Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi, til að draga úr áfengisneyslu og skaðlegum áhrifum áfengis;

að meta áhrif af algjöru banni við auglýsingum og markaðssetningu á áfengi sem beint er að ungu fólki á Norðurlöndum, einnig Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi;

að innleiða notkun áfengislása í bifreiðar atvinnubílstjóra á Norðurlöndum, þar á meðal Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi, einnig einstaklinga sem dæmdir hafa verið fyrir ölvun við

akstur og gera forkönnun á innleiðingu notkunar áfengislása í öllum tegundum farartækja sem stefnumótandi aðgerð í áfengismálum;

að koma á virku samráði við stærstu fyrirtæki á Norðurlöndum um þekkingu á kostnaði vegna áfengis- og tóbaksneyslu og leita eftir stuðningi þeirra við Norræna líkanið fyrir aðgerðir í áfengismálum;

að kanna hvernig tryggja má innsýn hins opinbera í þrýstihópa-starfsemi alþjóðlegra fyrirtækja á Norðurlöndum;

að leggja til að Norðurlöndin, einnig Álandseyjar, Færeyjar og Grænland, hefjist handa við að gera Norðurlönd tóbakslaus fyrir árið 2040;

að auka norrænt samstarf við SP, WHO og ESB um aðgerðir á Norðurlöndum, í Evrópu og um allan heim til að efla lýðheilsu með forvörnum gegn skaðlegum áhrifum áfengis- og tóbaksneyslu;

að semja norræna aðgerðaáætlun með því markmiði að draga úr áfengisneyslu í heiminum um 10% fyrir árið 2025 í samstarfi við alþjóðlegar stofnanir, samanber starf sem fram fer á vettvangi SP, WHO og ESB;

að beita sér fyrir því að leyfilegt áfengismagn í blóðinu verði takmarkað við 0,2 prómill við akstur á vélknúnum farartækjum á Norðurlöndum, einnig Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi;

Helsinki, 1. nóvember 2012

Kimmo Sasi

Forseti Norðurlandaráðs

Jan-Erik Enestam

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Norðurlandaráð

Tilmæli 36/2012

Fyrra númer:
A 1566/velferd

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Málsnúmer: 12-00238-14

Norðurlandaráð

Tilmæli 36/2012

Fyrra númer:
A 1566/velferd

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Málsnúmer **Fej! Ukendt
betegnelse for
dokumentegenskab.**

Norðurlandaráð

Tilmæli 36/2012

Fyrra númer:
A 1566/velferd

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Málsnúmer: 12-00238-14